

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra

---

### **Svar við fyrirspurn um kostnað við ferð borgarstjóra og aðstoðarmanns til Vilnius**

Óskað hefur verið eftir svari við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 19. janúar 2023, um ferð borgarstjóra til Vilnius. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er upplýsinga um heildarkostnað við fyrirhugaða ferð borgarstjóra og aðstoðarmanns hans til Vilnius dagana 22.- 25. janúar nk.“

Ráðstefnan í Vilnius átti sér stað þann 22. – 25. janúar sl. Þátttakendur voru borgarstjóri og aðstoðarmaður hans. Samkvæmt upplýsingum úr fjárhagskerfi borgarinnar (Agresso) á lykllum 5720, 5722 og 5725 má sjá sundurliðun á kostnaði í eftirfarandi töflu. Sundurliðun kostnaðar er settur fram eins og hann er bókaður í fjárhagskerfi. Vakin er athygli á því að sá verðmunur sem er á fargjöldum starfsmanna skýrist af breytingum sem þurfti að gera á flugi þátttakanda, sem fól í sér kaup á nýjum farmiðum og endurgreiðslu á eldri farmiðum. Endurgreiðslan var öll skráð og bókuð á annan farþegann.

Kostnaðarstaður	Lykill	Lykill	Viðskiptamaður	Fjárhæð
Skrifstofa borgarstjóra	5720	Fargjöld starfsmanna	Dagur B. Eggertsson	155.167
Skrifstofa borgarstjóra	5720	Fargjöld starfsmanna	Diljá Ragnarsdóttir	28.899
	5720	Fargjöld starfsmanna		184.066
Skrifstofa borgarstjóra	5722	Dagpeningar starfsmanna	Dagur B. Eggertsson	57.510
Skrifstofa borgarstjóra	5722	Dagpeningar starfsmanna	Diljá Ragnarsdóttir	57.510
	5722	Dagpeningar starfsmanna		115.020
Skrifstofa borgarstjóra	5725	Gisting starfsmanna	Dagur B. Eggertsson	42.715
Skrifstofa borgarstjóra	5725	Gisting starfsmanna	Diljá Ragnarsdóttir	42.714
	5725	Gisting starfsmanna		85.429
			<b>Samtals</b>	<b>384.515</b>

Virðingarfyllst,  
Halldóra Káradóttir  
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs